

Ársskýrsla Drafnarhúss 2016

Drafnarhús átti tíu ára afmæli á árinu. Af því tilefni var blásið til málþings í mars á Grand Hotel ásamt þremur öðrum dagþjálfunum sem einnig áttu afmæli; Fríðuhúsi sem var 15 ára, Vitatorgi sem var 20 ára og Hlíðabæ sem var 30 ára. Góðir fyrirlestrar voru á dagskránni og útbúin voru veggspjöld sem kynntu starfsemi dagþjálfana.

Starfsemin

Frá opnun hefur Drafnarhús verið með leyfi fyrir 20 skjólstæðinga dag hvern, en í lok maí var bætt við tveimur leyfum vegna fráflæðisvanda Landspítala. Það eru tímabundin leyfi sem eiga að nýtast einstaklingum sem útskrifast frá Landspítala og voru fjórir sem innrituðust á árinu. Sérhæfð dagþjálfun fyrir einstaklinga með heilabilun miðar að því að viðhalda líkamlegri, vitrænni og félagslegri færni skjólstæðinga og tekið er mið af ástandi hvers og eins hverju sinni. Einstaklingar geta sótt þjónustuna alla virka daga eða tiltekna daga í viku hverri.

Húsnæðið að Strandgötu 75 hentar sérlega vel undir starfssemi eins og dagþjálfun, lögð er áhersla á að umhverfið sé heimilislegt og hlýlegt. Hafnarfjarðarbær útvegar húsnæðið undir starfseminna.

Starfsfólk

Í lok árs 2016 störfuðu sjö starfsmenn í Drafnarhúsi í 6,4 stöðugildum. Starfsstéttir eru hjúkrunarfræðingur sem er forstöðumaður, sjúkraliðar, þjóðfræðingur, félagsfræðingur, þroskaþjálfari og ófaglærðir starfsmenn. Þrír starfsmenn voru í fæðingarorlofi á árinu, einn kom aftur til vinnu um vorið, en um áramótin voru tveir starfsmenn enn í fæðingarorlofi. Starfsfólk fór í árshátíðarferð til Berlínar í lok apríl og var húsinu þá lokað í einn dag. Starfsdagar eru þriðja hvern miðvikudag í mánuði eftir hádegið. Þá gefst starfsfólki tími til að skipuleggja starfsemina og fara yfir ýmis mál sem greiða þarf úr. Einnig hefur starfsfólk farið í heimsóknir á hjúkrunarheimili eða í aðrar dagþjálfanir eða sótt námskeið á þessum dögum.

Aðkeypt þjónusta og sjálfboðaliðar

Læknisþjónusta kemur frá Landakoti, Björn Einarsson öldrunarlæknir kemur vikulega. Fjölskyldufundir eru haldnir með aðstandendum þegar þörf er á og er það vettvangur fyrir miðlun upplýsinga varðandi skjólstæðinga.

Boðið er upp á flutning milli heimilis og dagþjálfunar við upphaf og lok dvalar dag hvern. Akstursþjónusta Þórunnar Tómasdóttur hefur séð um aksturinn og flestir nýta sér þá þjónustu.

Í byrjun árs sá ræstingafyrirtækið Hreint um þrif á húsnæði tvo daga í viku, en ræstingafyrirtækið Sólar tók við og þrifur þrjá daga í viku. Hádegismatur er aðsendur frá Matborðinu.

Fótaaðgerðafræðingur kemur reglulega í húsið og sinnir þeim sem þurfa fót snyrtingu. Þeir skjólstæðingar sem þurfa á sjúkraþjálfun að halda nýta sér þjónustu frá Sjúkraþjálfaranum sem er í sama húsi og Drafnarhús.

Margir gestir heimsóttu húsið á árinu eins og fyrri ár. Nemar komu og fengu kynningu á starfsemi, auk ýmissa sjálfboðaliða sem glöddu með upplestri, söng, dansi og fleiru og fá miklar þakkir fyrir.

Lokaorð

Biðlistinn í sérhæfða dagþjálfun á höfuðborgarsvæðinu hefur verið langur í ár. Lítil hreyfing var fyrstu mánuði ársins í Drafnarhúsi og fólk hefur þurft að bíða lengi eftir að komast að, meðalbiðtími er 13,4 mánuðir.

Tölulegar upplýsingar milli ára eru svipaðar. Hlutfall kvenna var þó heldur hærra en áður, 33 konur á móti 15 körlum. Meðaldvalartími var 14,2 mánuðir. Níu einstaklingar sem innrituðust á árinu útskrifuðust líka. Það gefur okkur vísbendingu um að þeir einstaklingar sem bíða í rúmt ár eftir að komast að í dagþjálfun eru lengra gengnir í sjúkdómsferlinu. Aðstandendur ráða alltaf ferðinni þegar kemur að því að sækja um varanlega vistun á hjúkrunarheimili og er þeim veittur stuðningur og aðstoð við umsóknarferlið. Skjólstæðingur er aldrei útskrifaður úr Drafnarhúsi vegna hjúkrunarþyngdar. Sjá nánar meðfylgjandi tölulegar upplýsingar milli ára.

Forstöðumenn Fríðuhúss, Maríuhúss og Drafnarhúss fóru á Alzheimer Europe ráðstefnu í Kaupmannahöfn á haustdögum, ásamt einum starfsmanni úr hverju húsi. Forstöðumennirnir útbjuggu veggspjald um skipulag sérhæfðar dagþjálfunar á Íslandi og einnig bækling um hugmyndir og útskýringar af þeirri virkni sem er í húsunum. Viðbrögðin voru góð og gaf til kynna að þjónustan sem veitt er á Íslandi sé góð. Þátttakan á ráðstefnunni var lærdómsrík og áhugavert væri að endurtaka hana eða jafnvel flytja erindi á Alzheimer Europe ráðstefnunni við tækifæri.

Hafnarfjörður 28. febrúar 2016

Erla Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur

forstöðumaður Drafnarhúss

Tölulegar upplýsingar milli ára

Árið	2016	2015	2014	2013
Fjöldi skjólstæðinga	48	48	43	53
Innskriftir	23	22	18	27
Útskriftir	21	23	17	28
Meðalbiðtími eftir innskrift	13,4 mán	1,6 mán	5,7 mán	5 mán
Innskrift frá LSH	4	5	4	ekki athugað
Meðaldvalartími útskrifaðra	14,2 mán	12 mán	14,2 mán	18,9 mán
mest	45,8 mán	32,7 mán	48 mán	84 mán
minnst	1,5 mán	1,3 mán	1,5 mán	1/2 mán
Meðalaldur	78 ár	79,8	79,3	81,4
aldursbil	55-92	59-94	58-93	57-92
Konur	33	30	23	23
Karlar	15	18	20	30
Búa með maka/börnum	30/48 (4/48)	27/28 (4/48)	28/43	32/53
Búa einir	14/48	17/48	15/43	21/53
Fá heimaþjónustu (hjúkrun og/eða félagslega þjónustu)	18/48	23/48	24/43	35/53
Aðstoð við böðun í Drafnarhúsi	29/48	29/48	31/43	40/53
Aðstoð við lyfjagjafir í D.húsi	20/48	18/48	18/43	14/53
Fóru í hvíldarinnlögn	19 í 21 innlögnum	15 í 17 innlögnum	19 í 24 innlögnum	22 í 28 innlögnum
Samtals mán í hvíldarinnlögn	15,5 mán	12 mán	18,5 mán	24,2 mán
Notfæra sér akstursþjónustu	32/48	39/48	40/43	46/53
Fengu Færni- og heilsumat	19/48	18/48	15/43	22/53
Meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými	2,1 mán	1,9 mán	28 dagar	2,2 mán
Sjúkrahúsinnlagnir	22 innlagnir (15 skjólst.)	22 innlagnir (19 skjólst.)	14 innlagnir (11 skjólst.)	29 innlagnir (21 skjólst.)
Samtals	17,5 mán	9,7 mán	14,6 mán	14,6 mán
Útskrift á spítala - biðpláss	8	9	3	3
Andlát (heima eða á spítala)	1	3	0	2